

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Č (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

4. desember 2006

Skjalanúmer: 40

Tilvísun: UST20061100126/kg

Frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 24. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál.


Umhverfisstofnun vísar til umsagnar stofnunarinnar um frumvarp það sem síðar varð að nágildandi lögum um olíugjald og kílómetragjald. Stofnunin ítrekar þá skoðun að stefna beri að því að hvetja til notkunar sparneytnari dísilbíla. Þegar fyrrgreint frumvarp var til umræðu kom ekki fram að tilgreint olíugjald ásamt viðbættum virðisaukaskatti myndi leiða til þess að dísilolía gæti orðið dýrari en bensín (eins og nú er raunin). Telur stofnunin að þessi tilhögun dragi úr hvatningu fyrir bifreiðaeigendur að skipta yfir í dísilbíla.

Í greinargerð með þessu frumvarpi sem hér er til umfjöllunar kemur fram að með því sé brugðist við þeim vandamálum sem hafi komið upp við framkvæmd laganna. Saknar Umhverfisstofnun þess að ekki skuli vera tekið tillit til framangreinds þáttar í þessari endurskoðun.

Virðingarfyllst,




Davíð Egilson
forstjóri



Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Umhverfisstofnun
Áb. KG
23 APR. 2004
01
Tilv. UST20040400055

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

20. apríl 2004
Skjalanúmer: 01
Tilvísun: UST20040400254/KG

Frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. nr. 849

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 6. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl. nr. 849.

Nokkur umfjöllun hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um kosti og galla díselbifreiða og hvort hvetja eigi til aukins hluta þeirra á kostnað bensíknúinna bifreiða.

Umhverfisstofnun benda á eftirfarandi varðandi mun á mengun frá díselknúnum og bensíknúnum bifreiðum miðað við akstur sömu vegalengdar, sbr. og umfjöllun i VI. kafla greinargerðar með frumvarpinu:

- Díselknúnar bifreiðar eyða talsvert minna eldsneyti miðað við sambærilega vélarstærð.
- Díselknúnar bifreiðar losa því minna af gróðurhúsalofttegundum en sambærilegar bensínþifreiðar.
- Díselknúnar bifreiðar menga minna af kolsýring og léttum rokgjörnum vetriskolefnum vegna fullkomnari brennslu á eldsneytinu.
- Díselknúnar bifreiðar menga hinsvegar meira af köfnunarefnisoxíðum, þungum vetriskolefnum og rykögnum (sót) sem geta innihaldið margvísleg skaðleg mengunarefnii.


Núverandi kerfi þungaskatts og kílómetragjalds byggir ekki á eyðslu farartækja og stuðlar því að mati Umhverfisstofnunar ekki að auknum hluta sparneytnari díselbifreiða þar sem hlutfallslega minni kostnaðarauki er fyrir bíleiganda af eyðsluaukningu díselbifreiða en þegar um bensíknúnar bifreiðar er að ræða. Umhverfisstofnun telur meiri umhverfishagræði að því að gjöld á bifreiðar endurspegli eyðslu þeirra – og þar með mengun. Stofnunin mælir með því að stuðlað verði að notkun sparneytnari bifreiða og telur að breyting frá núverandi kerfi þungaskatts yfir í olíugjald sé jákvætt skref á þeirri braut.

Mikilvægt er að hvetja til þess hver bifreið sé rekin á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til eldsneytisnotkunar. Í þessu samhengi má nefna að bæði bensín- og díselknúnar bifvélar verða sífellt fullkomnari og því dregur úr muninum á losun mengandi efna milli vélartegunda og dregið hefur úr losun skaðlegustu mengunarefna. Þar sem díselbifreiðar eyða minna eldsneyti er þó heildarhagur af þeim þar sem mengun verður minni per ekinn kilómeter.


Samkvæmt frumvarpinu er ekki áætlað að olía á skip beri olíugjald. Umhverfisstofnun bendir á að á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinar fer nú fram sívaxandi umræða um loftmengun frá skipum, þ.m.t. losun gróðurhúsalofttegunda. Stofnunin bendir á að sjávarútvegur er næst mesta losunaruppsprettu gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hér á landi. Stofnunin leggur ekki hér til að olíugjald verði lagt á skipaolíu en bendir á gildi þess að þegar verði hafist handa við að huga að leiðum og hvatningu til þess að draga úr losun mengandi lofttegunda efna frá skipum.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við framlagt frumvarp.

Virðingarfyllst,



Davið Egílson
forstjóri



Sigrún Gisladóttir
forstöðumaður